

69. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

69. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 30. ágúst 2016 og hófst kl. 16.25.

Mætt voru: Borghildur Erlingsdóttir, Róbert Kjara, Ása Ólafsdóttir, Gry Ek, Alex Cambray Orrason og Kári Rafn Karlsson. Forföll boðaði Rósa Birgisdóttir

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. EM í bekkpressu 2016

Stjórnin lét bóka innilegt þakklæti til Massa fyrir þá mikla vinnu sem félagið lagði í undirbúning og framkvæmd á EM í bekkpressu í umboði KRAFT. Mótið var mótshaldara og íslenska sambandinu til mikils sóma.

Óskað verður eftir „debriefing“-fund með stjórn Massa og KRA sem fyrst til að taka saman punkta og setja í reynslubankann.

Borghildi og **Gry** var falið að vera fulltrúar KRA á fundinum.

3. Erindi frá stjórn Massa.

Borghildur lagði fram erindi sem borist hefur frá stjórn Massa vegna atburða í kjölfar slýss sem gerðist á EM. Málið rætt og vísað í heild sinni til aganefndar KRA. Nokkrir ábendingar í erindinu jafnframt beint til landsliðsnefndar.

Borghildur svarar Massa og býr erindinu í hendur aganefndar. **Ása** verður henni til aðstoðar.

4. Afrekssjóður

Ása upplýsti að greiðslur úr afrekssjóði eru á áætlun. Lokagreiðsla í lok árs er háð fullnaðarskilum á gögnum frá keppendum. Ása fylgist áfram með málið. Umsókn fyrir næsta ár þarf að senda í október. Ákveðið var að óska eftir breyttu greiðslufyrirkomulagi fyrir 2017.

5. Landsliðsnefnd

Hugmyndir Þjálfararáðs um landsliðslágmörk hafa borist. Þau voru rædd og verða teknar til skoðunnar í landsliðsnefnd og stjórn. Þörf er á nánari skýringar á hvernig ráðið sjái fyrir sér að þessi lágmörk verði notuð og var **Ásu** falið að leita eftir því.

Gry og Ása hafa gert drög að endurskoðuðu ferli við undirbúning landsliðverkefna. **Gry** falið að samræma drögin og senda stjórnar til samþykktar sem fyrst.

Borghildur benti á nauðsyn þess að hafa traustan og reyndan farastjóra í öllum ferðum, ekki síst með unglingslandslíðum, þó það þýði aukakostnaður. Málið skoðað áfram.

Stjórnin lét bóka að sitjandi landsliðsnefnd hafi fullt traust og umboð til starfa.

6. RIG 2017

Gry lagði fram grófa fjárhagsáætlun fyrir RIG 2017 og lagði til að KRA tæki þátt í leikana með sama sniði og í fyrra. Samþykkt. **Gry** falið mótsstjórn. Nauðsynlegt er að tryggja fjárhagsstyrk vegna verkefnisins. **Borghildur** og **Ása** tóku að sér að leita að fólki í fjáröflun.

7. Fræðslunefnd

Verkefni undir vinnuheitinu „Sterkur án stera“ hefur verið í undirbúningi síðan í

69. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

vor. Stjórnin vil finna annað heiti á verkefninu og dagsetningu í október, t.d. fimmtudagskvöld – en ekki í tengslum við mót. **Gry** með málið.

8. Mót framundan

ÍM í réttstöðu og ÍM í klassískum kraftlyftingum eru framundan og í réttum farvegi. **Mótanefnd** falið að tryggja að dómgæsla á mótunum verði samkvæmt reglum.

9. Mótaskrá 2017

Er í vinnslu.

10. Önnur mál

Kraftlyftingadeild Stjórnunnar óskar eftir að KRA skráir Þór Sigurðsson á þjálfaranámskeið IPF. Samþykkt. **María** gengur frá skráningu.

Alex flutti fréttir af líðan og batahorfum Árdísar Steinarsdóttur. María f.h. KRA hefur verið henni innan handar við að afla upplýsinga um réttindi hennar sem iðkandi innan ÍSÍ. Gry sagði frá símtali við hana þar sem hún flutti henni batakveðjur stjórnar.

Alex upplýsti að bókhaldskerfið sem ákveðið var að kaupa verður ódýrara en fyrst var talið og mun kosta 2800 á mánuði. Málið er í vinnslu.

Fleira var ekki rætt.. Fundi lauk 18.45

Fundaritari Gry Ek